

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

16. desember 2025

Efni: Endurbæðsla áls – Framleiðsluaukning í steypuskála – Svör við umsögnum

ISAL, álver Tio Tinto á Íslandi í Straumsvík, hefur mótttekið umsagnir frá umsagnaraðilum við matskyldugreinargerð vegna fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar í steypuskála fyrirtækisins.

Hér á eftir verða sett fram viðbrögð við þeim umsögnum sem bárust.

Umsagnir bárust frá eftirfarandi aðilum:

- Hafrannsóknastofnun, dags. 26. nóvember 2025
- Umhverfis- og orkustofnun, dags. 4. desember 2025
- Hafnarfjarðarbær, dags. 8. desember 2025
- Heilbrigðiseftirlit, dags. 12. desember 2025

Ekki barst umsögn frá Vinnueftirliti ríkisins.

Ofangreindir aðilar telja að fyrirhuguð framleiðsluaukning í steypuskála ISAL muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því sé ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum.

Heilbrigðiseftirlitið bendir þó á, að sú aukning sem verður á losun kælivatns í strandsjávarvatnshlotið Straumsvík-Kjalarnes nr. 104-1391-C, sé umtalsverð. Að mati heilbrigðiseftirlitsins kallar það á að unnið verði áhrifamat framkvæmdarinnar og aukinnar starfsemi á það vatnshlot í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar.

Viðbrögð ISAL

ISAL tekur undir með öllum umsagnaraðilum, um að ekki sé þörf á umhverfismati, enda var það niðurstaða matsskyldugreinargerðarinnar.

Ákall heilbrigðiseftirlitsins á að unnið verði áhrifamat framkvæmdarinnar á umrætt strandsjávarvatnshlot kemur hins vegar hvergi fram hjá öðrum umsagnaraðilum, þar á meðal Umhverfis- og orkustofnun, sem ber ábyrgð á stjórnsýslu og framkvæmd laga um stjórn vatnamála, og Hafrannsóknastofnun, sem telur að frekari upplýsingar muni ekki bæta við þá niðurstöðu að hitaáhrif á sjó eru hverfandi enda miklir straumar á losunarstað, bæði ferskvatns og sjávar. ISAL telur því ekki sérstaka þörf á að vinna áhrifamat á vatnshlot vegna fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar.

Virðingarfyllt,

F.h. ISAL

Haukur Einarsson